

Mánudaginn 1. desembermán.

Nr. 51/1913.

Björn Kristjánsson og Björn  
Sigurðsson f.h. Landsbankans  
gegn

I. P. Brillouin.

D ó m u r:

Með bréfi dags. 10. okt. þ. á. til bæjarfógetans í Reykjavík krafðist Landsbanki Íslands fjárnáms í húseign I. P. Brillouins, fyr konsuls, í Félagstúni hér í bænum, með 19676 ferálna lóð, til lúkningar höfuðstól kr. 14250,67 samkvæmt veðskuldabréfi dags. 24. sept. 1909, ógreiddum vöxtum frá  $\frac{11}{10}$  1911 til  $\frac{11}{10}$  1913, kr. 1895,99, áfallandi vöxtum frá þeim tíma  $6\frac{1}{2}\%$  og  $1\%$  dráttarvöxtum, svo og öllum kostnaði, er af aðförinni leiddi. Var fjárnámskrafa þessi tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 27. og 31. s. m., og í síðara réttarhaldinu úrskurðaði fógetinn, að fjárnámið ætti ekki fram að fara.

Þessum úrskurði hafa áfryjendurnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd Landsbankans skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. f. m. og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að hið umbeðna fjárnám skuli fram fara, svo og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdóminum.

Af hendi stefnda I. P. Brillouins hefir eigi verið mætt í yfirdóminum, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og ber þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, er framlögð hafa verið.

Hinn áfrýjaði úrskurður er byggður á því, að eigi sé heimild til að ganga að hinni veðsettu eign samkvæmt veðskuldabréfinu 24. sept. 1909 sökum þess, að í bréfi þessu sé engin tilvísun, hvorki til tilsk. 18. febr. 1849 um fé ómyndugra, né til laga 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sátta, en þetta (þ: tilvísun til laganna) sé þó gert að skilyrði fyrir aðför eftir veðskuldabréfum í niðurlagi 15. gr. siðar-nefndra laga.

Það verður þó eigi talið rétt, að skilja svo 15. gr. laganna, að hún heimti tilvísun til þeirra í veðskuldabréfum sem skilyrði fyrir aðfararheimild samkvæmt þeim, og 16. gr. laganna, sem lætur aðfararheimildina einnig ná til veðbréfa, sem eldri eru en lögin og gátu því eigi vísað til þeirra, sýnir og ljóslega, að slík tilvitnun er eigi nauðsynleg, en það verður að teljast nægilegt, að frá veðskuldabréfinu sé gengið eins og ákveðið er í 15. gr. laganna, og með því að veðskuldabréfið 24. sept. 1909 fullnægir þeim ákvæðum, verður eigi synjað um fjárnám samkvæmt því í hinni veðsettu húseign. Það ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógetann að framkvæma fjárnámið.

Málkostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eiga að greiða áfrýjendum og ákveðst hann 25 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal vera ógildur, og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna fjárnám. Stefndi I. P. Brillouin greiði áfrýjendum

Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 25 kr. í málskostnað, og greiðist uppnæð þessi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 56/1912.

Ólafur Davíðsson f. h. Leonh.  
Tang & Söns verzlunar  
gegn  
bæjarstjórn Ísafjarðarkaupst.

#### D ó m u r :

Mál þetta er risið út af deilu milli bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og Leonh. Tang & Söns verzlunar á Ísafirði um eignarrétt að meiri hluta svonefnds Hæsta-kaupstaðarins þar í kaupstaðnum. Málið er því eignar-þrætumál, og bar samkvæmt N. L. 1—2—1 og tilskipun 3. júní 1796, 24. gr., að dæma það með tilkvöddum með-  
dómsmönnum. En það var dæmt af setudómaranum, sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, án meðdómsmanna.

Dómur í málinu var með samþykki málsaðila upp-  
kveðinn í aukarétti Barðastrandarsýslu á Patreksfirði, en þetta fer í bága við löggilding setudómarans, sem var skipaður til að fara með málið og dæma það sem setu-  
dómari í Ísafjarðarkaupstað, og getur samþykki málsaðila eigi gert það löglegt.

Fyrir greindar sakir verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.